



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Ösp

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3 Innra mat	8
3.1 Skýjaland.....	8
3.2 Regnbogaland.....	10
3.3 Stjörnuland	15
4 Innra mat sérkennslu.....	18
5 Innra mat – fjöltyngd börn	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
8 Foreldrasamvinna.....	21
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
10 Fylgigögn.....	22
10.1 Fylgiskjal 1 – Tímarammi samstarfáætlunar 2022-2023	22
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2022-2023	22
10.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs	22



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans eru vellíðan – jafnrétti – málörvun – lýðræði – sköpun og leikur.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2021-2022 hefur sýnt á sér margar hliðar, en það sem stendur upp úr er samvinna, þrautseigja og gleði í barna- og starfsmannahópnum. Þrátt fyrir erfið tímabil vegna heimsfaraldurs og annarra veikinda sem fóru að skjóta upp kollinum á síðari hluta leikskólaársins hefur samstaða, jákvæðni og vilji til að hjálpast að einkennt andrúmsloftið í leikskólanum Ösp.

Þegar aðlögun hófst var búið að ráða í allar stöður og fylla í öll barnaplássin, það kom þó fljótlega í ljós að einhverjir flutningar yrðu á börnum. Aðlögun dróst því á langinn á yngstu deildinni, eða fram undir lok október. Samsetning barnahópsins setti einnig aðeins strik í reikninginn því börnin þurftu flest aðeins lengri aðlögun en venja er.

Í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar var höfuðáherslan á læsisþáttinn í framhaldi af markvissri vinnu með félagsfærni árin á undan. Markmiðið er að auka færni barnanna í tjáningu/íslensku, efla virka þátttöku þeirra í leikskólastarfinu og að gefa þeim aukin tækifæri til að tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Á fyrsta starfsdeginum í september fóru allir starfsmenn á Lubba-námskeið ásamt starfsfólki í leikskólanum Holti. Þessi starfsdagur var einnig nýttur til að leggja línurnar fyrir komandi leikskólaár í samstarfi við Holt og Fellaskóla. Verkefnastjórar í Holti og Ösp ásamt deildarstjóra máls og læsis í Fellaskóla fóru saman yfir skipulag vetrarins og samvinnu skólanna varðandi orðaforðaþemu og áherslur.

Ráðgjafar frá „Miðju máls og læsis“ komu á deildarfundum á öllum deildum og gáfu starfsfólki tækifæri til að rýna sín störf og fá ráðgjöf. Einn starfsmaður hveðrar deildar fór á Menntafléttunámskeiðið „Málörvun með sögum og söng“ og einstaklega gott að sjá hversu góð áhrif það hafði inn í starfið og þau valdeflandi áhrif það hafði fyrir þá sem tóku þátt. Til að styrkja „lærdómssamfélag“ innan leikskólans á þessu sviði munu tveir starfsmenn fara til viðbótar á þetta námskeið næsta leikskólaár. Á starfsdegi í lok maí var svo haldið í námsferð til Egilsstaða. Markmið ferðarinnar var að auka þekkingu starfsfólks á byrjendalæsi, fjöltyngi, tilfinningalæsi og samskiptalæsi, en einnig að búa til fjölbreyttan efnivið sem tengist læsi.

Læsið tók mikið pláss í vetur og þróaðist áfram á öllum deildum í vetur á ólíkan hátt. Það mun taka smá pláss í endurmati deildanna, sérstaklega á einni deildinni þar sem starfsmaður þar fór í læsisvinnu sem síðan aðrar deildir fengu einnig að njóta góðs af. Á tveimur eldri deildunum var einnig ráðist í mat með börnunum með óformlegum viðtölum og málþingi, því verður betur gert skil í mati á deildarstarfi.

Samstarf við Holt og Fellaskóla gekk mjög vel og jókst samvinna skólanna í vetur. Vegna covid féll þó niður sameiginlegur starfsdagur sem halda átti í nóvember 2021 og stefnt er að því að halda hann í nóvember 2022. Reglulegir fundir voru með verkefnastjórum fjölmenningar og



deildarstjórum leikskólanna ásamt deildarstjóra máls og læsis og kennurum í Fellaskskóla. Þessa fundi er búið að fastsetja fyrir næsta skólaár til að styrkja samstarfið enn frekar.

Markviss vinna með mál og læsi hefur fest sig vel í sessi og hópastarfið rúllaði á öllum deildum. Hver og einn hópstjóri þekkir sitt hlutverk og hefur hópastarf gengið virkilega vel. Eftir ábendingar úr starfsmannahópnum var ákveðið að breyta aðeins dagskipulagi allra deilda og lengja tíma fyrir hópastarf. Það reyndist góð breyting sem mun halda áfram inn í næsta vetur.

Fundartímar fyrir deildarfundum, deildarstjórafundum og fjölmeningarfundum voru fastsettir í upphafi skólaársins sem og undirbúningstímar starfsfólks. Þetta skipulag hélst mjög vel á haustönninni en á vorönn læddist covid-19 aftan að okkur og hafði það mikil áhrif á allt skipulagt starf í janúar, febrúar og mars. Það var þó mikill samhugur í fólki og með samvinnu og þrautseigju var skipulagi haldið og eftir páska komst allt á rétt ról aftur.

Líkt og í fyrra hafði faraldurinn mikil áhrif á aðkomu foreldra sem komu nánast ekkert inn í leikskólann þennan veturinn. En þrátt fyrir það voru samt haldnir foreldrafundir á öllum deildum um haustið í Gerðubergi og foreldraviðtöl voru bæði á haustönn og vorönn.

Haldin var sumarhátíð í garðinum í júní við mjög góðar undirtektir. Það var virkilega góð mæting og gaman að sjá og hitta fjölskyldur barnanna sem komu og tóku þátt í sumarhátíðinni. Við sjáum fram á bjartari tíma og hlökkum til að fá foreldra meira inn í leikskólann næsta vetur.

Við kveðjum þennan vetur reynslunni ríkari og fögnum nýju leikskólaári að sumarfrí loknu.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Skipulag deildarstjóra-funda og stjórnendateymis.	Skipulag rætt á deildarstjórafundum.	Deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri	Gekk vel og munum halda 9 fundum 3x í viku og stærri deildarstjórafundum 1x í mánuði
Samþætting milli deilda sömu skilaboð til allra barna	Á skipulagsdegi, deildarfundum og deildarstj. fundum	Allir starfsmenn	Búin til samskiptastefna
Dagskipulag allra deilda	Á skipulagsdögum / deildarfundum	Allir starfsmenn	Dagskipulag á öllum deildum með barnahóp deildarinnar í huga.
Starfsaðstæður	Það er enn verið að vinna í þessu.	Stjórnendur leikskólans og starfsfólk SFS sem hefur með aukið rými að gera.	Leyfi komið. Verið að bíða frekari fréttu, hefur verið í vinnslu síðan í júní 2020
Starfsmannahandbók	Á starfsdögum og stjórnendateymisfundum	Allir starfsmenn	Starfsmannahandbók gefin út.

Ytra mat

Gerð var viðhorfskönnun á vegum Reykjavíkurborgar. Helstu niðurstöður sýna að starfsánægja er góð og almenn vellíðan í starfi. En það kemur fram að í vetur hefur verið mjög mikið vinnuálag og covid hafði mikil áhrif. Stjórnendur hafa óskað eftir aðstoð mannauðsráðgjafa við að rýna betur í niðurstöður hvers undirþáttar og eiga fund í lok ágúst 2022.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Festa leiðbeiningar-samtöl leikskólastjóra við deildarstjóra	Festa markviss samtöl við deildarstjóra 1x í mánuði	Tímasetjum fundi í upphafi frá sept. til maí.	Leikskól astjóri	Sept 2022	Maí 2023	Dagbækur og leikskóla dagatal	Að deildarstjórar fái markvisst að spegla sig og ræða mál er varða deildina og stjórnun.
Skólanámskrá á Aspar	Skrifa skólanámskrá	Finum fastan tíma í viku sem verður eyrnamerktur námskrárvinnu	Leikskól astjóri og aðstoða rleikskól astjóri	Sept. 2022	Júní 2023	Les gömlu námskrána, rýna námskrár hjá öðrum leikskólum, fá upplýsingar hjá fagstjóra.	Skólanámskrá Aspar
Uppeldis- og menntastarfi							
Málstefna / fá frá foreldrum og börnum	Gefa út málstefnu Aspar	Fáum upplýsingar frá foreldrum, umræður við börnin.	Stjórnendeymið	Sept 2020	Maí 2023	Samverust undir með börnum. spurningalisti sendur til foreldra	Málstefna Aspar.
Þátttaka starfsfólks í frjálsum leik	Virkja þátttöku starfsfólks í frjálsum leik barnanna. Að fjölga stundum sem börn heyra íslensku.	Fræða starfsfólk um hlutverk þeirra í frjálsum leik og mikilvægi þátttöku þeirra. Nýta gefðu	Stjórnendur og starfsfólk deilda.	Sept. 22	Maí 23	Nýta gefðu 10 skráningu á þeim börnum sem eru á svæði starfsmannsins í vali og frjálsum leik.	Nýtum skráningarblöðin. Rætt í starfsmannasamtölum hvernig gengur.



		10 skráningu fyrir börnin					
Mannauður / Leikskólabragur							
Aukið rými fyrir börn og starfsfólk	Að auka rými fyrir vinnu með börnunum og bæta vinnuástandi starfsfólks.	Auka rými við leikskólann með skrifstofu skúrum á lóð. Er í vinnslu.	Stjórnendateymi	Maí 2020	Sem fyrst	Verkefniinu verður fylgt af leikskólastjóra ásamt hennar yfirmönnum sem eru að vinna í málinu.	Skrifstofuskúr á lóð.
Innra mat							
Nýting menntafléttu. „Málörvun með sögum og söng“	Myndaþverdeildaskipt lærdóms samfélagum „Málörvun með sögum og söng.“	Fastsetja fundi þeirra sem hafa farið á námskeiðið og þeirra sem fara í vetur.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og teymið.	Sept. 2022	Jan. 2023	Skráningar, gögn sem koma af námskeiði	Fundargerðir og hugmyndabanki um leiðir í málörvun með sögum og söng.
Nýting „agas tefnu“ / samskiptastefna	Myndaþverdeildaskipt lærdóms samfélagum samskipti við börnin	Festa fundi þeirra sem munu mynda teymið, þvert á deildir	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og teymið	Sept. 2022	Des. 2022	Umræða á deildarfundum og skipulagsdögum um hvernig gengur að fylgja samskipta stefnunni.	Fundargerðir af deildarfundum og af fundum teymisins.



3 Innra mat

3.1 Skýjaland

Haustið 2021 fór hægt af stað og var aðlögun á deildinni fram yfir miðjan október. Aðlögun gekk ekki nógu vel og hafði covid-19 mikil áhrif á aðlögunina og börnin. Á deildinni voru börn fædd árin 2019- 2020 en eftir áramótin urðu breytingar og yngdist deildin töluvert því nokkur 2019 börn fóru yfir á miðdeildina og börn fædd í lok árs 2020 og byrjun 2021 byrjuðu hjá okkur. Næsta vetur 2022/23 verðum við með börn fædd 2020 og 2021 á deildinni.

Samvera: Morgunsamveran tók miklum framförum og munum við halda áfram að vinna að sömu markmiðum. Þær breytingar sem við munum leggja inn er að byrja á að fara yfir samskiptareglur og síðan dagskipulag. Einnig í morgunsamverunni var lögð áhersla á að vera með staf vikunnar sem var í 2 vikur í senn og sungum við Lubba lagið og lærðum hljóðin á stafnum.

Læsi – loðtöflusögur: Við lögðum upp með að nýta betur loðtöflusögur en það gekk ekki nógu vel svo við munum halda því inni á umbótaáætlun næsta vetrar. Markmiðið er að hver hópur fái lágmark tvisvar í viku sögustund á móti söngstundum. Við munum nýta sömu bækur og er unnið með í flæðilestri. Einnig ætlum við að færa flæðislestra stundina fram í bókakrök og gera það svæði mjög heillandi fyrir lestrastundir. Ákveðið hefur verið að getuskipta samverunni svo börnin fái lestur og söng við sitt hæfi.

Hópastarfið: Lagt var upp með að vinna með málörvun, sköpun, flæðislestur og félagsfærni. Eftir áramót breyttust áherslunnar og hópunum fækkaði um einn og var því ákveðið að bangsinn Blær myndi flæða meira með á deildinni án þess að sú vinna færi fram í markvissum bangsastundum. Næsta vetur 2022/23 munum við en vinna með sköpun og flæðilestur en gera örlitlar breytingar á málörvunartímum þar sem við munnum vinna með Lubba markvisst og tengja hann inn í þemað leikskólans. Við munum aftur bæta við fjórða hópinn og sá hópur mun leggja áherslu og klapp, rím, hljóðkerfisvitund og tákn með söng. Flæðilestur hefur gengið mjög vel og hefur árangur skilað sér með auknum orðaforða hjá börnunum á deildinni. Öll börnin fóru einu sinni í viku í flæðilestur og var hópnum skipt eftir aldri og getu. Lesturinn er orðin hluti af starfinu á deildinni og hver tími er í 30 mín og stundum lengri. Í vetur höfum við safnað bókum saman sem er unnið með og prentað út myndir með orðum úr bókinni sem er verið að leggja áherslu á. Þetta eigum við tilbúið sem hægt er að grípa í og halda áfram að vinna með næsta vetur.

Hreyfistundir: Ekki gekk eftir að fylgja hreyfistundum vegna ýmsa breytingar á starfi. Við munum setja hreyfistundir inn í næstu umbótaáætlun út frá öðru sjónarmiði en síðasta vetur.



Í vetur gekk vel að vera með deildarfundum og á Skýjalandi vorum við með deildarfund á þriggja vikna fresti. Starfsmenn á deildinni gerðu mat á sínu hópastarfi tvisvar yfir veturinn fyrir og eftir áramót, matið verður nýtt fyrir næsta vetur.

Börnin voru mjög ung á deildinni og því mjög flókið að fá þau með í mat á starfinu hjá okkur. Við skráðum því hjá okkur þegar við tókum eftir áhuga hjá þeim og ef eitthvað gekk ekki vel og þau voru ekki með. Við nýttum okkur þetta til að meta til dæmis hópastarfið og hvernig við byggjum það upp á næsta ári.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik	Virkja þátttöku starfsfólks í frjálsum leik barnanna. Fjölga þeim stundum sem börn heyra íslensku	Fræða starfsfólk um hlutverk þeirra í frjálsum leik og mikilvægi þátttöku þeirra.	Deildastjórar og starfsfólk deildarinnar	Sep 2022	Maí 2023	Nýta gefur 10 skráningu á þeim börnum sem eru á svæði starfsmanns í vali og frjálsum leik	Nýta skráningar blöðin og ræða á deildarfundum.
Sjónrænt og tákni í söng og samveru	Virkja starfsfólk og börn að nota sjónrænt og tákni í samveru	Að auka jafn og þétt yfir skólaárið ný tákni	Deildarstjóri og starfsfólk á deildinni	Sep 2022	Maí 2023	Nota myndir og myndir með tákni. Meta á deildarfundum	Að börnin tengja saman orð við myndir
Læsi Lestrastundir og loðtöflusögur	Lesi bækur í samverustund F:H minnst 2 í viku á móti söng	Vera með skipulagða bók sem er notuð líka í flæðilestri	Deildarstjóri og starfsfólk á deild	Okt 2022	Maí 2023	Ræða og meta á deildarfundum	Aukinn orðaforði og skilningur. Börnin læra að hlusta á sögur
Hreyfistundir	Að öll börn fari í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku.	Fari inn í skipulagdeildar	Allir bera ábyrgðir deildarstjóri sér um eftirfylgd	Sep 2022	Maí 2023	Skráning með myndum	Að börnin fái jákvæða ímynd af hreyfingu



3.2 Regnbogaland

Við á Regnbogalandi hófum haustið 2021 með 21 barn í stærsta hluta hússins. Við vorum með tvær kennslustofur og salinn. Barnahópurinn samanstóð af þremur árgöngum sem leit þannig út; níu börn fædd 2017, tíu fædd 2018 og tvö fædd 2019. Fjögur börn voru með stuðning í 1. og 2.flokki.

Það var smá áskorun að vera með svona breiðan aldurshóp og finna verkefni við hæfi og lögðu hópstjórar áherslu á að undirbúa sig þannig að verkefnin yrðu getuskipt.

Áramótin 2021/2022 urðu miklar breytingar á deildinni. Nokkur börn úr elsta árgangi hættu þannig að þörf var á skipulagsbreytingum. Elsti árgangurinn okkar, börn fædd 2017 fóru yfir á Stjörnuland og varð hún þar með stærsta deildin. Regnbogaland og Stjörnuland skiptu því um kennslustofur og fór Regnbogaland í minna rými með færri börn. Fjögur börn komu frá yngstu deildinni fædd 2019 og urðum við að 16 barna deild eftir áramót.

Dagskipulag vetrarins 2021-2022 var í nokkuð föstum skorðum. Fyrir hádegi, eftir samverustund (**söngur og hreyfing**) þá var mesta áherslan lögð á hópastarf (**sköpun, læsi og lifandi lestur**) og hringekju í skipulagða starfinu og svo var útivera. Söngstund (**söngur og hreyfing**) var fest í sessi fyrir hádegismat og var lögð áhersla á gera hana líflega og skemmtilega. Eftir hádegismat var sögustund (**læsi og lifandi lestur**), val (**sköpun**). Áhersla var lögð á málörvun öllum stundum á deildinni og var unnið mjög markvisst með orðaforða, orðflokka, máhljóð og stafi, skipulag sem hefur byggst upp og þróast síðastliðin ár í Ösp. **Læsi, lifandi lestur**

Einn starfsmaður deildarinnar var skipuð verkefnastjóri á deildinni með yfirumsjón með sögustundum og lifandi lestri og fórst henni það mjög vel úr hendi og gerði hún mat á skólaárinu 2021-22:

Læsi, sögustundir/lifandi lestur. Síðastliðinn vetur var farið að vinna markvisst að því að setja upp bækur fyrir hverja viku eftir orðaforðabæmunum. Hvert þema fyrir sig stendur í tvær vikur, þannig það fyrsta sem var gert var að setja öll þemun upp í skjal og velja tvær bækur fyrir hvert þema, ein fyrir fyrri viku þemans og önnur fyrir seinni. Í framhaldi af því voru búnar til samskiptareglur fyrir sögustund (sitja á sínum stað, passa hendur, hafa hljóð, hlusta, fylgjast með og rétta upp hönd ef maður vill tala/tjá sig).

Hver sögustund byrjaði á því að fara yfir reglurnar, síðan var bókin lesin einu sinni, og að lokum farið aftur yfir hana með spjöldum sem verkefnastjóri bjó til í hverri viku sem tengdust söguþræði þeirrar bókar sem var lesin þá viku. Þessi spjöld voru þá sett á blað sem á stóð „Atburðarás, hvað er að gerast í sögunni?“ þar sem hópstjóri og börnin fóru yfir hvað var að gerast í sögunni. Þetta var þá ákveðin endurtekning sem leiddi til þess að athygli barnanna jókst og auk þess bættu börnin við sig auknum orðaforða. Verkefnastjóri lagði sig fram við að búa til „auka spjöld“ um hluti sem komu ekki endilega fram í sögunni, en voru á myndum í



bókinni og þar með komu fram fleiri orð sem börnin gátu lært. Stundum voru einnig verkefni unnin eftir sögustund þar sem til dæmis var búð að setja upp þrjár stöðvar tengdar bókinni.

Sögustundirnar gengu framar öllum vonum. Krakkarnir tóku vel í reglurnar, og voru byrjuð að muna þær utan af og sögðu þær að fyrra bragði í byrjun sögustundar. Krakkarnir voru líka sífellt spenntari fyrir sögustund og stóðu sig eins og hetjur. Þau fylgdust vel með, lögðu sig fram í þeim verkefnum sem sett voru fram og oft á tíðum voru lesnar fleiri en ein bók þar sem athygli þeirra var svo góð. Í þeim tilvikum voru oft valdar „lúxusbækur“ sem krakkarnir voru mjög spennt yfir. Af og til var farið yfir hvernig maður á og á ekki að fara með bækur, þar sem krökkunum voru sýndar bækur sem höfðu rifnað, slitnað eða eitthvað slíkt, og gerð var félagsfærnisaga um hvernig fara á vel með bækur og er hún nú uppá vegg hjá bókahillunni. Eftir því sem vikurnar liðu byrjuðu krakkarnir að óska eftir ákveðnum bókum og töluðu oft um þær í frjálsum leik. Við tókum einnig eftir að í ferðum í Húsadýragarðinn og Guðmundarlund voru krakkarnir að nota þann orðaforða sem þau höfðu lært úr bókunum – „Sjáðu þetta eru umferðarljós, rautt þýðir stopp og grænt þýðir áfram“, „Sjáðu, þetta er Perlan eins og í Dolla Dropa!“, „Við erum í strætó eins og krakkarnir í Dolla Dropa, en okkar er gulur og Dolli vildi fjólubláan strætó“, „Það eru ekki bílbelti í strætó eins og í Út að aka“ og svo lengi mætti telja.

Eftir að deildirnar breyttust um áramótin fór verkefnastjóri í frekari vinnu þegar kemur að sögustund, þ.e. hún fór að taka saman þau gögn sem komu úr hópavinnunni sem átti sér stað á starfsdegi þar sem hóparnir settu fram hugmyndir af bókum, þulum, kvæðum, rímum og loðtöflusögum samanber orðaforðapemunum. Setti hún upp skjal sem inniheldur öll þemun og allar þær hugmyndir að bókum, þulum, kvæðum, rímum og loðtöflusögum fyrir hvert þema, og í framhaldi af því setti hún bækurnar í kassa þar sem þær eru flokkaðar eftir þemum, og í annan kassa setti hún vísur, loðtöflusögur o.fl. úr hópavinnunni, sem og plastvasa sem innihalda spjöld sem gerð hafa verið fyrir ákveðnar bækur.

Það er mat verkefnastjóra og annarra starfsmanna á deildinni að þetta verkefni hafi gengið ótrúlega vel og hefur reynst börnunum mjög vel og haft góð áhrif á þau. Þau hafa staðið sig ótrúlega vel, lært mikið og nýtt sér það sem þau hafa lært. Verkefnastjóri vill koma á framfæri þakklæti fyrir að hafa fengið að sjá um þetta verkefni og fyrir þann tíma sem hún hefur fengið til þess að undirbúa það, það hefur gjörsamlega skipt sköpum, og hún er spennt fyrir að halda áfram að vinna að því. Einnig höfum við reynt að gera sögustundina meira lifandi núna undanfarið með því að bæta við dóti sem tengist sögunum, t.d. 7 geitur úr *Úlfurinn og kiðlingarnir 7*, sem virðist grípa athyglinni krakkana vel og er því spennandi að vinna meira með það.

Búið er að velja bækur fyrir hvert þema út árið, þó það geti vantað nokkrar bækur við og við. Einnig er alltaf hægt að bæta við eða skipta út bókum ef einhverjar bækur höfða ekki nógu vel til barnanna eða fundnar eru nýjar bækur sem gætu passað vel við hvert þema.



Á vorönn hefur verkefnastjóri sett tilkynningu inn á deild og inn á kaffistofu um hvaða þemu verða næstu 2-4 vikur og hvaða bækur, kvæði og loðtöflusögur verður lögð áhersla á fyrir hvert þema. Því hefur þessi vinna á Regnbogalandi teygst sig inn á hinar deildarnar og allir geta notið góðs af. Þetta er ekki aðeins gagnlegt fyrir starfsmenn, heldur hafa börnin tekið eftir þessu og byrjað að tjá sig um það. Þau þekkja til dæmis bækurnar (þar sem mynd af hverri bók fylgir alltaf með í tilkynningu) og segja hvort öðru, eða starfsmönnum, frá þeim og spyrjast fyrir um bækur sem verða lesnar seinna meir.

Það hefur því verið unnið í markvissari mæli að gera börnin að frekari þátttakendum í lestri og öllu sem því fylgir á deildinni. Til að mynda var bókahillunum tveimur á deildinni skipt í tvo flokka, annars vegar almennar bækur sem snúa að fyrstu orðum barna, hegðun, tilfinningum o.fl., og hins vegar bókum sem snúa að þemu hverrar viku.

Seinni hillan er því merkt „Þemabækur“ og fyrir ofan hana stendur „Þema vikunnar:“ á einum miða og undir þeim miða kemur miði með þema (og táknum) hverrar viku fyrir sig. Með þessu móti verða krakkarnir frekari þátttakendur í lestrinum og eru meðvitaðri um skipulagið í kringum bækurnar, og í raun allrar deildarinnar þar sem unnið er með þemun í öðrum verkefnum líka, líkt og hópastarfi. Í kjölfarið hafa krakkarnir tjáð sig í frekari mæli um þemun, eins og hvaða þemu þeim finnst skemmtilegri en önnur o.s.frv.

Fyrst um sinn valdi verkefnastjóri bækur í fyrstu hilluna, sem krakkarnir tóku alveg vel í, en núna nýlega hafa börnin komið með í bókasafn skólans og valið sjálf bækur. Með því að gera slíkt fá börnin tækifæri á sjá og skoða bækur á bókasafninu, og jafnframt velja bækur sem þau langar að skoða. Krakkarnir fá þá jafnframt að kynnst fleiri bókum og fáum við að sjá hvar áhugasvið þeirra liggur.

Við lærðum hversu mikilvægt það er að hlúa að áhugasviði barnanna eftir að hafa setið námskeið á Egilstöðum, þar sem rætt var um byrjendalæsi og áhuga, athygli, úthald og vinnusemi barna. Það að huga að því hvernig börnunum finnst skemmtilegast að leika sér/vinna verkefni og hvað þeim finnst áhugaverðast mun auðvelda okkur að ná til þeirra og miðla þekkingu og upplýsingum úr bókum, bæði í sögustund og í hópastarfi þar sem við vinnum með bækur og málörvun í hópastarfi líka.

Verkefnastjóri og aðrir á deildinni stefna að því að vinna að þessu í frekari mæli, þ.e. að hlúa að áhugasviði krakkanna og vinna með bækurnar eftir því hvernig þau meðtaka upplýsingar og þekkingu best, hvort sem það er með spjöldum úr sögum (sem er enn notað og virðast höfða til flestra) eða gera spil úr spjöldum sem tengjast bókum/þemum. Í því skyni er hægt að láta þau raða í rétta röð í atburðarás eða raða hvað passar saman og hvað ekki, setja upp samstæðuspil eða raða spjöldum á víð og dreif innan deildarinnar, segja orðin og láta börnin finna þau.

Sköpun. Unnið var að sköpun í hópastarfinu og í valinu og voru þematengd verkefni yfirleitt fyrir valinu. Við fundum fyrir því að stundum var erfitt að koma sköpun fyrir í



orðaforðavinnunni í hópastarfinu því hvert þema leið svo fljótt og af því að við leggjum svo mikla áherslu á aðra þætti en sköpun til að leggja inn orð. Næsta vetur verða breytingar gerðar að því leyti að meira svigrúm verður gefið á hverju þema og getur hver deild dýpkað vinnuna eftir getu og þroska barnanna á deildinni. Ég tel að þetta muni gefa okkur aðeins fleiri tækifæri til að vinna markvissari vinnu með sköpun. Lögð hafa verið verkefni fyrir hópinn í sögustund þar sem þau líma mynd af hverri bók og mynd af einhverju sem tengist bókinni (báðar myndir eru prentaðar út) á litað blað og fönndra eftir eigin höfði meira á blaðið, þetta hefur reynst vel og börnin eru spennt fyrir verkefnum af þessu tagi og hefur tekist að dýpka skilning barnanna á innihaldi sögunnar.

Söngur og hreyfing. Við unnum mikið með söng í vetur í samverustundum og söngstundum sem voru daglega í vetur ásamt sameiginlegum söngsal allra deilda á föstudögum. Þær gengu alveg ljómandi vel og var yfirleitt unnið með söngspjöld og voru ýmsar aðferðir nýttar til þess að velja lög. Leitast var eftir því að finna lög tengd orðflokki en það má enn bæta hreyfilögum í safnið.

Ferilmöppur. Ágætlega hefur gengið að vinna með ferilmöppurnar og hefur verið settur meiri kraftur í þær á vorönn. Nokkur verkefni voru skráð í vetur, eins og sjálfsmyndir og verkefni í hópastarfinu og á vorönn höfum við verið að púsla þessu saman og skiptir þá máli að skipta verkefnum á milli starfsfólks.

Mat barnanna á lestrinum og öðru starfi innan deildarinnar

Tekin voru nokkur óformleg viðtöl við börnin á Regnbogalandi með það að markmiði að heyra í frekari mæli rödd barnanna og fá skoðun þeirra á starfinu. Hér eru nokkur svör barnanna:

Drengur f. jan 2018 Elskar sögustund, fannst sérstaklega gaman að lesa bækur sem tengdust þemanu „Náttúran, blóm og fuglar“ og vildi vinna fleiri verkefni í kringum þær. Í hópastarfi finnst honum gaman að spila spil og fara í ípad. Honum finnst einnig gaman að syngja í söngstund og fara út að leika í útiveru. Honum finnst ekki gaman að púsla, leika með lego (nema það sé fína lego-ið sem er stundum tekið fram) né að fara í samveru.

Stúlka, f. feb. 2018 Elskar sögustund og að leika sér í segulkubbum í vali. Henni fannst ekki nógu gaman að lesa bækur sem tengdust þemanu „Dýr“ og hefur ekki gaman að lego. Henni fannst þó gaman að lesa bækur sem tengdust þemanu „Náttúran, blóm og fuglar“.

Drengur, f. mars 2018 Er mjög jákvæður gagnvart leikskólanum. Það kom í raun ekkert fram hvað væri leiðinlegt, heldur var allt bara frekar gaman. Honum finnst t.d. gaman í sögustund, og það var skemmtilegt að lesa bækur sem tengdust þemunum „Dýr“ og „Náttúran, blóm og fuglar“. Þá finnst honum gaman í samveru, hópastarfi og söngstund, bæði inn á deild og inn í sal með hinum deildunum á föstudögum. Honum finnst sérstaklega gaman að leika sér í lego bæði í leikskólanum og heima, og er oft að lita eða leika sér í segulkubbum í leikskólanum. Að



lokum finnst honum gaman að leika sér í bílum og ísdóti, fara í ípad, púsla og fara út að leika í útiveru.

Stúlka, f. júlí 2018 Elskar að fara út að leika í útiveru í hvaða veðri sem er, sem og að fara í sögustund, hópastarf og söngstund. Henni finnst gaman að leika með dýr, dúkkur, lego, lita og fara í ípad. Henni finnst ekki gaman í samveru.

Drengur, f. ágúst 2018 Finnst skemmtilegt að fara út í útiveru, samveru, mála, skoða bækur og syngja í söngstund. Honum finnst ekki gaman að fara í hópastarf.

Stúlka, f. júlí 2019 Finnst gaman að fara í samveru og hópastarf, út að leika og syngja í söngstund. Henni finnst skemmtilegast að leika með segulkubba, dúkkur og ísdót. Henni finnst ekki nógu gaman að fara í sögustund né að púsla.

Yfir heildina litið virðast börnin vera þokkalega sátt með starf deildarinnar. Alltaf má þó bæta og mun deildin líklegast taka frekari mið að áhugasviði barnanna og hvernig þau vinna best, enda lærðum við í námskeiðinu á Egilstöðum að það sé mikilvægt að börnum líði vel og hafi áhuga á efninu, því þá fyrst geta þau einbeitt sér betur og haft meira úthald fyrir verkefninu/vinnunni sem verið er að gera.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Heft	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skoða hlutverk starfsfólks í frjálsa leiknum og virkja þátttöku starfsfólks í frjálsum leik barnanna	Markmiðið er að fjölga stundum sem börnin okkar heyra íslensku	Fræða starfsfólk um hlutverk og mikilvægi þátttöku þeirra í valinu og frjálsum leik	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Sept. 20-22	Mái 2023	Nýta „Gefðu 10“ skráningar á þeim börnum sem eru á svæði starfsmannsins í vali og frjálsum leik	Nýtum skráning arblöðin og rætt á öllum deildarfundum hvernig gengur
Sögustund fyrir yngri börnin	Markmið að yngstu börnin sem sofa fá sögustund eftir hvíld/fyrir síðdegishressingu.	Setja inn fasta sögustund í dagskipulagið Fyrir kaffitímann og nýta loðtöflusögur og lifandi lestur	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Sept. 20-22	Júní 2023	Notum deildarfund og samtöl á deildinni til að meta hvort þetta fyrirkomulag gangi upp	Markmið að yngstu börnin fá fleiri sögustundir



3.3 Stjörnuland

Veturinn 2021- 2022 byrjaði þannig að á Stjörnulandi voru 16 börn öll fædd árið 2016, en eftir að kvarnast hafði úr hópnum voru gerðar breytingar um áramót. Deildin stækkaði og eftir áramót voru þar 23 börn fædd árin 2016 og 2017. Við héldum áfram með sama fyrirkomulag í hópstarfi, hóparnir rúlluðu á milli hópstjóra og hittu hvern hópstjóra einu sinni í viku. Það hefur reynst vel og er þetta annar veturinn sem við gerum þetta svona. Hópstjórar geta verið með verkefni meira eftir sýnu áhugasviði og öll börnin njóta góðs. Allir vinna þó eftir þemanu sem breytist á tveggja vikna fresti. Skipulag deildarinnar var í eins föstum skorðum og covid aðstæður leyfðu.

Málþing barna. Nú á vordögum var haldið málþing hjá elstu börnunum þar sem börnin fengu tækifæri til að segja sína upplifun og koma sínum skoðunum á framfæri. Eftirfarandi þættir voru teknir fyrir: samverustundir, hópstarf, lestrarstundir, val og útivera. Útbúnar voru spurningar sem börnin ræddu tvisvar sinnum í hópstarfi fyrir málþingið til að vera undirbúinn. Í salnum var útbúið ræðupúlt og allir sem vildu stigu á svið. Niðurstöðurnar voru þær að börnunum finnst flest gaman í leikskólanum. Í samverustund var skemmtilegast að syngja. Í hópstarfi voru flestir ánægðastir með að mála og fönndra. Einnig nefndu þau vísindaverkefni og ákveðin spil sem væru skemmtileg. Þegar rætt var um valið kom fram að ákveðið dót til dæmis holukubbar og ísdót væru ekki nægilega oft í boði að mati barnanna. Það að halda málþing sem þetta, var skemmtilegt og fróðlegt bæði fyrir börn og kennara skoðanir barnanna heyrast og þetta er góð æfing í koma fram og segja frá.

Lestur. Síðasta haust hófst innleiðing læsis hlutans í menntastefnunni *Látum draumana rætast*. Við fórum því í breytingar á lestrar- og sögustundum hjá okkur, við festum þær í dagskipulaginu og reyndum að hafa þær fjölbreyttar og skemmtilegar. Við hófumst handa við að útbúa bókakassa eftir þeim þemum sem unnið er eftir í Ösp, einnig höfum við verið að fjölga loðtöflusögum og auka bókakost skólans. Unnið hefur verið í því að koma betra skipulagi á bókasafn skólans eftir þemum. Mikil vinna er hafin og munum við halda áfram með hana næsta vetur og er lestur einn af umbótaþáttunum hjá okkur. Úthald barnanna í sögustundum hefur aukist og sjálfstraust kennaranna. Fyrir næsta vetur skiptir máli að hafa bókakassana tilbúna inni á deild fyrir vikuna. Við munum vinna í því að lengja sögustundir og passa að það verði rými fyrir spurningar og umræður í lok hverrar stundar. Lubbi hefur verið partur af okkar starfi og mun halda því áfram.

Ferilmöppur. Skráning í ferilmöppurnar gekk betur en oft áður þó enn þá vanti örlítið uppá. Hópstjórinn sem hélt utan um sköpun setti ákveðin verkefni inn í möppur barnanna. Fyrir næsta verur þarf að úthluta öllum hópstjórum ákveðin verkefni til að skrásetja. Búið er að ákveða að samræma þrjár skráningar milli deilda. Eitt þeirra verkefna er sjálfsmynd og gaman verður að sjá hvernig myndirnar þróast eftir því sem börnin eldast. Starfsfólk er duglegt að taka myndir í ferðum, viðburðum og daglegu starfi. Foreldrar fá vikulegan póst þar sem sagt er frá því sem við gerðum þeim pósti fylgja oft myndir. Eitt af því sem þarf að



laga er verkaskipting hver gerir hvað í skráningu inn í möppurnar. Ferilmöppur verða því enn inni í umbótaáætlun.

Hljóm-2/ K-pals

Síðasta haust byrjuðum við að vinna sérstaklega með niðurstöður úr Hljóm-2 við skiptum skólahópnum í tvo hópa og unnum með eftirfarandi rím, samstöður, taka sundur og setja saman orð og fyrsta hljóð í orði. Stundirnar gengu vel og fannst árangur hjá börnunum við höldum áfram að þróa þessar stundir og finna fjölbreytt verkefni næsta vetur. Eftir áramót breyttust þessar stundir yfir í K-pals stundir, segja má að bæði kennarar og nemendur hafi þurft smá tíma til að tileinka sér þessa aðferð. Við gerðum smá tilraunir hvernig best væri að hafa þetta eins og hvar er best að vara, hvernig er best að para hópinn. Börnunum fannst almennt gaman í K-pals og margir spurðu um hvenær við færum næst og hvort það væri ekki örugglega K-pals í dag. Fyrir næsta skólaár ætlum við að athuga staðsetningu hvort betra sé að allir sitji við borð.

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ferilmöppur	Að skráning verði gerð jafnt og þétt yfir veturinn. Samræma milli deilda 3 skráningar yfir veturinn	Hver og einn hópstjóri fær ákveðin verkefni til að ská sem deildarstjór i mun úthluta.	Deildarstjór i að úthluta verkefnum. Hópstjórar og deildarstjór i að framfylgja skráningu.	Í sept 2022	Í maí 2023	Rætt verður á deildarfund um hvernig gengur og sett í dagbækur tíma fyrir skráningar.	Markvissari skráning yfir veturinn.
Lestur	Að gera lestrarstundir skemmtilegri að þær séu fjölbreyttar og skipulagðar	Halda áfram að útbúa bókakassa, loðtöflusögur og leikmuni. Gefa sér tíma lengja sögustundi	Deildarstjór i og starfsmenn deildarinnar.	Í sept 2022	Í maí 2023	Deildin metur sameiginlega á fundum fyrir og eftir áramót.	Auka áhuga barnanna á bókum, auka skilning og orðaforða barnanna.



		r í dagskipulagi. Spyrja börnin út í söguna og fá umræður. Hópstjórar lesi inn eina rafbók.					
Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik.	Að virkja þátttöku starfsfólks í frjálsum leik barnanna.	Fræða starfsfólk um hlutverk þeirra í frjálsum leik og mikilvægi þátttöku þeirra. Nýta gefðu 10 skráningar	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Í sept 2022	Í maí 2023	Nýta gefðu 10 skráningu á þeim börnum sem eru á svæði starfsmannsins í vali og frjálsum leik	Nýtum skráningarblöðin og rætt á öllum deildarfundum.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Í leikskólanum í vetur voru bæði börn í 1. og 2. flokki í sérkennslu. Þau börn sem eru í 2.flokki eru með fjármagn vegna frumgreiningar, en eru á bið eftir frekari greiningu hjá Greiningastöðinni. Sérkennslan hefur verið skipulögð eftir þörfum hvers einstaklings. Allir einstaklingar í 1. og 2. flokki eru með stuðning og unnið er eftir einstaklingnámskrám sem byggðar eru á AEPS matslistanum.

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Lagt er upp með að börnin séu þátttakendur í öllu starfi deildarinnar og er þeim veittur stuðningur til þátttöku. Valinn er tími fyrir vinnustundir og einstaklingskennslu sem raskar sem minnst félagslegri þátttöku barnsins í hópnum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	EFI-2, AEPS, HLJÓM-2, íslenski þroskalistinn/smábarnalistinn
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Stuðningsaðilar hafa farið á námskeið um þá vinnuaðferð sem foreldrar hafa óskað eftir að unnið sé með. Keypt hafa verið námsgögn líkt til einstaklingskennslu, en mikið er búið til af verkefnum í leikskólanum, sem hentar hverju og einu barni. Sjónrænt skipulag er á öllum deildum og er PECS notað fyrir þau börn sem þurfa.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Deildarfundir tileinkaðir sérkennslu	Þörf er fyrir tíma tileinkaðan sérkennslu á deildarfundum	Áætlaður verður tími fyrir sérkennslu á deildarfundum	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Sept 22	Maí 23	Fundargerðir og skráningar	Reglulegir fundir haldnir yfir skólaárið
Reglulegir fundir með stuðningsaðilum	Sérkennslustjóri fundar reglulega með stuðningsaðilum	Hluti af undirbúning starfsmanna vikulega verður tileinkaður fundarsetu með sérkennslustjóra	Sérkennslustjóri	Sept 22	Maí 23	Fundargerðir og skráningar	Reglulegir fundir haldnir yfir skólaárið yfir skólaárið



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Leikskólinn Ösp er ríkur af fjölmenningu og fjölda tungumála þeirra sem hann sækja. Yfir 90% barnanna eru tví- eða fjöltyngd og töluð eru yfir 20 tungumál í barnahópnum. Þar sem megnið af börnunum eru tví- eða fjöltyngd þá er starfið í leikskólanum skipulagt samkvæmt þörfum barnahópsins í heild. Markviss vinna með málörvun hélt áfram á öllum deildum og var unnið í tveggja vikna lotum, í endurmati á starfinu kom í ljós að óskað er eftir breytingum á lotunum. Næsta ár verður unnið með fjögurra vikna yfirþema og verða þemu sameinuð sem undirþemu. Þetta verður gert til að koma til móts við yngstu börnin og til að auðvelda fyrir tímafrekari verkefnum sem snerta á dýpri orðaforða. Dagskipulag deildanna gerir ráð fyrir þemavinnu og er hópastarf, samverustundir, lestrarstundir og frjáls leikur skipulagt eftir því hvaða orðaforðapema er í gangi hverju sinni.

Við fengum talmeinafræðingsnema í starfsnám til okkar en hann lagði fyrir elstu börnin MELB-prófið (Málfærni eldri leikskólabarna) og orðaforðaprófið sem við höfum notað hingað til í leikskólanum (One Word Expressive Test, ísl. þýðing og aðlögun). Talmeinafræðingar frá Miðju Máls og Læsis sem og þjónustumiðstöð Breiðholts komu einnig inn til að leggja fyrir orðaforðaprófin fyrir yngri börnin. Unnið var að því í vetur að mynda samstarfshóp sem kemur til með að aðstoða leikskólann við áframhaldandi prófanir og vinnslu með niðurstöðurnar. Niðurstöðurnar þetta árið sýndu að töluverðar framfarir áttu sér stað hjá sumum börnum en önnur sýndu ekki eins miklar framfarir og við vonuðumst eftir. Rýnt verður í niðurstöðurnar til að nýta þær sem best til aðlögunar á kennsluháttum og fundnar verða nýjar leiðir til að ná betur til barnahópsins í heild sinni.

Fjármagnið vegna fjöltyngdra barna var nýtt til að ráða inn starfsmann sem sinnti bæði markvissri málörvun í leikskólanum og vann að því að gera lestrarstundir markvissari. Lagt var í vinnu með flokkun á bókasafninu eftir þemum, bækur voru valdar fyrir hvert þema og flokkaðar með allan aldur í huga, útbúnað voru loðtöflusögur úr bókunum og lykilorð bókanna tekin og sett í myndrænt form til að styðja við lesturinn. Leitað var til bókasafnsins í Gerðubergi eftir aðstoð við að finna fjölmennigar bækur á íslensku og voru í framhaldinu keyptar þær sem áttu við leikskólaaldurinn. Markmiðið er að auka fjölbreytileika bóka sem lesinn er í leikskólanum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Fjölmennigarleg leikföng	Það vantar meiri fjölbreytni í leikföngin í leikskólanum	Farið verður yfir og keypt verða fjölmennigarleg leikföng.	Verkefna stjórnari fjölmennigar	Sept 22	Mai 23	Að sýnilegt sé á deildunum að börnin hafa aðgang að fjölbreyttum leikföngum sem	Að börnin hafi aðgang að fjölmennigarlegu



						endurspeglar fjölmenningu.	með leikföngum
Fjölmenningar bækur	Það vantar meiri fjölbreytni í bókasafnið í leikskólanum	Farið verður yfir bækurnar sem til eru og keyptar fjölmenningarlegar bækur.	Verkefnastjóri fjölmenningar	Sept 22	Mái 23	Skráning á bókalestri og bókaormur sýni bækur sem lesnar eru á deildunum	Að úrval bóka bjóði upp á fjölmenningarlega fjölbreytni
Samræma myndmerkingar á deildum.	Bæta samræmi merkinga á milli deilda	Merkja alla leikfangakassa með sömu myndunum á öllum deildum og setja orð á hluti í umhverfinu	Verkefnastjóri fjölmenningar	Sept 22	Mái 23	Sýnilegt samræmi í myndamerkingum á deildunum og hlutir merktir með orðum.	Að börnin þekki innihald kassa á myndunum

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri skiptu með sér samtölum. Lagt var upp með þrjú snerpusamtöl við alla starfsmenn og náðist það, í október, mars og maí/júní. Leikskólastjóri tók samtöl við deildarstjóra og deildarstarfsfólk en aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri tók samtöl við matráð og starfsfólk sérkennslu. Tveir starfsmenn í tímavinnu fóru ekki í hefðbundin snerpusamtöl en leikskólastjóri ræddi við báða starfsmenn í tengslum við aukið starfshlutfall yfir sumartímamann, líðan og hlutverk þeirra innan leikskólans. Snerpusamtölin hentuðu mjög vel og við munum halda þeim á næsta skólaári.

Fræðsla skólaárið 2021 – 2022

- Einn starfsmaður fór á PECS námskeið.
- Þrjú starfsmenn fóru á Menntafléttunámskeiðið, málörvun með sögum og söng.
- Tveir starfsmenn fóru á Menntafléttunámskeiðið, stærðfræði í leik barna.
- Allir starfsmenn fóru á Lubba námskeið.
- Allir deildarstarfsmenn og deildarstjórar fengu samtöl og ráðgjöf frá „miðju máls og læsis“.
- Allir starfsmenn fóru á námskeið tengt læsi og sköpun á Egilsstöðum.
- Tveir starfsmenn luku framhaldsnámi leikskólaliða í Borgarholtsskóla.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar fóru á námskeið í innra mati, fyrri hluti.



Áætlun um símenntun og fræðslu skólaárið 2022 -2023

Lagt verður upp með að:

- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fari í forystunámið.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar, innra mat seinni hluti.
- Tveir starfsmenn á námskeið Menntafléttu – málörvun með sögum og söng.
- Tveir starfsmenn á námskeið Menntafléttu – fyrstu skrefin í leikskólanum.
- Þrjú starfsmenn á námskeið Menntafléttu – móðurmál, íslenska sem annað mál og virkt fjölgtyngi í leikskóla.
- Tveir starfsmenn hefja grunnnám á Menntavísindasviði í leikskólakennarafræðum.
- Einn starfsmaður er á þriðja ári í grunnnámi leikskólakennarafræða og lýkur B.Ed. gráðu vorið 2023.
- Allir starfsmenn fara á skyndihjálparnámskeið.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við leikskólann Holt, Fellaskóla og Vínafell er mjög gott og festi sig enn frekar í sessi á þessu skólaári. Markvissir fundir, sameiginleg verkefni og samstaða einkenna þetta samstarf. Covid-19 setti strik í reikninginn á haustönninni og féllu heimsóknir barnanna niður ásamt sameiginlegum starfsdegi sem halda átti í nóvember 2021. Seinni hluti vorannar 2022 gekk betur og héldust inni vorskóli elstu barna og smíðjur sem fluttar voru fram í apríl, en þær áttu að vera í febrúar. Í tengslum við verkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ hefur samstarfið styrkt og starfsfólk skólanna hefur aukið samstarf. Það voru reglulegir fundir verkefnastjóra og deildarstjóra leikskólanna og Fellaskóla í vetur og búið er að fastsetja nú þegar fundartíma fyrir næsta skólaár. Þessir fundir verða meðal annars til að fylgja verkefninu vel eftir og meta reglulega stöðu þess.

8 Foreldrasamvinna

Haustið fór vel af stað og tókst að halda þrjú foreldrafundi, einn fyrir hverja deild í október. Góð mæting var á alla fundina og túlkar mættu fyrir þá sem þurftu á því að halda. Á öllum fundum voru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar, þeir voru haldnir í Gerðubergi.

Í foreldraráði voru tveir fulltrúar foreldra fram í nóvember en þá hætti barn annars fulltrúans í leikskólanum og ekki hefur gengið að fá fleiri í foreldraråd, þrátt fyrir tilraunir til að ná til foreldra. Á foreldrafundum haustsins munum við reyna að fjölga fulltrúum í foreldraráði.

Byrjað er að taka fyrstu viðtöl við foreldra þeirra barna sem hefja leikskólagöngu í Ösp haustið 2022. Viðtölin ganga vel og eru allir spenntir að byrja.



Boðið var upp á foreldraviðtöl bæði á haustönn og vorönn og var góð mæting í viðtölin á öllum deildum. Við höldum áfram að setja allar upplýsingar til foreldra á lokaða facebook-síðu og vikulegir tölvupóstar til foreldra munu einnig halda áfram. Við stefnum á að nýta Völu-appið meira og virkja foreldra til að nýta það betur.

Það er ekki foreldrafélag í Ösp og hefur leikskólinn greitt fyrir þá viðburði sem haldnir voru síðastliðið skólaár. Rútuferð í Guðmundarlund í desember og góða gesti þangað, piparkökumálningu og hoppukastala á sumarhátíðinni.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagur skólaárið 2022 – 2023

- 12.september 2022. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 20.október 2022. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 18.nóvember 2022. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 6.janúar 2023. Sameiginlegur með Holti, allur dagurinn.
- 19.apríl 2023. Sameiginlegur með Holti, fyrirhuguð námsferð.
- 21.apríl 2023. Sameiginlegur með Holti, fyrirhuguð námsferð.

Sjá leikskóladagatal 2022-2023 í fylgiskjali 2.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 – Tímarammi samstarfáætlunar 2022-2023

10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2022-2023

10.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Halldóra Sigtryggsdóttir

7.júlí 2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Janúar	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	10. janúar 2023
Febrúar	Leikskólabörn koma í smíðjur	Að kynna húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynni grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - Myndum miðlað á heimasíðum HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	Deildarstjórar	
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	7. febrúar 2023
Apríl	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	25. apríl 2023
Maí	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (Íslenska + móðurmál) í leikskóla	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvtvynngi	Deildarstjórar í Fellaskóla - Myndir og kynningarefni - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	Deildarstjórar	
	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynni fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynni nem. og þeir hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynni grunnskólastarfinu.	Deildarstjóri Fellaskóla - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað - Myndir á vef og rýni á fundi OM-vstj.	Deildarstjóri F	15.-17. maí 2023
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskólans. Að miðla upplýsingum til foreldra um skólustarfið og auðvelða þeim og börnunum skólaskilinn.	Skólastj., deildarstj. og verkefnastj. HÖF - Myndir og kynningarefni	Deildarstjórar	
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla og frístundar	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla og að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi milli stiga.	Deildarstjóri F	Deildarstjórar	

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Umsjón	Tími
September	Deildarstjórar leikskólana velja lög fyrir Dag ísl. tungu.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og skipuleggja samstarfið.	- Upplýsingum miðlað til OM-verkefnastjóra	Deildarstjórar HÖ	
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	13. september 2022
Óktóber	1. bekkur heimsækir leikskólana Börnin sækja söngbókina sína og taka þátt í frjálsum leik. Auka söngbækur til ef vantar.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynni starfi leikskólans. Að auka vægi söngs í 1. bekk.	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndefni á vef - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	Deildarstjórar HÖ og kennarar F	
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	11. október 2022
Nóvember	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	
	Heimsóknir milli leikskóla Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu	Að verðandi skólafélagar kynni og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ - Myndefni á vef - Deildarstjórar fylla út matsblað	Deildarstjórar	
	Fundur um niðurstöður námsmats 1. bekklinga	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið	Deildarstjórar Fellaskóla - deildarstjórar leikskóla, leik- og grunnskólastjórar	Deildarstjórar F	
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynni grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	Deildarstjórar	16. nóvember 2022
Desember	Helgileikur Leikskólabörnum boðið á generalpröfu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6. bekk	Að leikskólabörnin kynni grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	Deildarstjórar	15. eða 16. desember 2022

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna



Fylgiskjal 2

	AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRUAR		MARS		APRIL		MAÍ		JUNÍ		JULÍ										
1. Mí	1. F	2. F	3. M	4. S	5. M	6. F	7. M	8. F	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. M	20. L	21. M	22. F	23. F	24. M	25. F	26. M	27. F	28. F	29. L	30. F	31. M		
1. Mí	Dagur vandræðanna	2. F	3. Mí Sameri	4. S	5. Mí Sameri	6. F	7. Mí Sameri	8. F	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri		
2. P	Sameri	3. L	4. S	5. M	6. F	7. M	8. F	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri			
3. Mí	Sameri	4. S	5. M	6. F	7. M	8. F	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri				
4. F	Sameri	5. M	6. F	7. M	8. F	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri					
5. F	Sameri	6. F	7. M	8. F	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri						
6. L		7. M	8. F	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri							
7. S		8. F	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri								
8. Mí	Sameri	9. F	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri									
9. P	Sameri	10. L	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri										
10. Mí	Sameri	11. S	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri											
11. F	Leikskólinn opnar	12. M	13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri												
12. F		13. F	14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri													
13. L		14. F	15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri														
14. S		15. L	16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri															
15. M		16. F	17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																
16. P		17. L	18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																	
17. M		18. S	19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																		
18. F		19. Mí Sáttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																			
19. F	Séttisáttur milli barna	20. L	21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																				
20. L		21. Mí Sameri	22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																					
21. S		22. F	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																						
22. Mí	Þingur milli deila heit	23. F	24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																							
23. P		24. Mí Sameri	25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																								
24. M		25. F	26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																									
25. F		26. Mí Sameri	27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																										
26. F		27. F	28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																											
27. L		28. F	29. L	30. F	31. Mí Sameri																												
28. S		29. L	30. F	31. Mí Sameri																													
29. Mí	Óskun um breytingu																																

Leikskólinn er opnaður á milli vikudaga og samdögum. Þrátt fyrir stóru vaxningu í leikskólinum er áætlað að hann verði stöðugt á milli vikudaga og samdögum. Leikskólinn er opnaður á milli vikudaga og samdögum. Þrátt fyrir stóru vaxningu í leikskólinum er áætlað að hann verði stöðugt á milli vikudaga og samdögum.

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022 – 2023 Leikskólinn Ösp

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipar:

Gyða Dröfn Hannesdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð sér enga athugasemd við þetta.

Með bestu kveðju, Gyða.



